

Markmið

Að nemendur geti:

Verklag

- lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.
- rannsakað, túlkað, greint, sett fram tilgátur á skipulegan hátt bæði munnlega og skriflega og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota tölur, texta, teikningar, hlutbundin gögn og upplýsingatækni
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum leiðum og hugmyndum nemenda
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði

Tölur og reikningur

- notað ræðar tölur (-2 , $0,3$, $\frac{1}{2}$, 1 , 5), við útreikning, raðað þeim og borið saman
- nýtt sér margföldunartöfluna án hjálpargagna
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur eins og víxl regluna ($a+b=b+a$)
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu og geti notað þau við útreikninga

Rúmfræði og mælingar

- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar á fjölbreyttan hátt
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.
- notað mælikvarða og einlögun í tengslum við teikningar, áætlað, ummál og flatarmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir mælingunum.
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- staðsett hluti og myndir í hnitakerfi

Tölfræði

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum með töflum og súlurítum og fundið miðgildi, hæsta gildi, lægsta gildi og tíðasta gildi
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum

Kennsluaðferð / vinnulag

Námsefnið er unnið í 4 vikna lotum sem enda með verkefnavinnu eða könnun. Í lotunum er lagt upp með fjölbreyttum kennsluaðferðum eins og innlagnir á töflu, stöðvavinna, þrautalausnir,

Þjálfunaræfingar, útlíunarkennsla, námsleikir, námsspil og ýmislegt ítarefni frá kennurum.
Nemendur vinna ýmist í hópum, þörum eða í einstaklingsvinna háð hverju verkefni fyrir sig.

Námsmat

Námsmat er mismunandi fyrir hverja lotu, t.d.

- Könnun í lok kafla
- Virkni í tímum
- Sjálfstæði
- Uppsetning í reikningsbók
- Para- og hópavinna, einstaklingsvinna
- Rafræn verkefni
- Útistærðfræði

Jafningjamat og sjálfsmat

Námshgögn

Stika 2a, 2b og æfingabók

Ýmislegt efni af vef

Spil og hlutbundin verkefni

Spjaldtölvur